Landsvirkjun

Samandreginn árshlutareikningur
1.1.-31.3.2023



# Lykilstærðir

## Rekstrartekjur




## Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði




## Handbært fé frá rekstri




## Nettó skuldir







Uppsett afl **2.146 MW**

15 Vatnsaflsst. **1.991 MW**

3 Jarðvarmast. **153 MW**

2 Vindmyllur **2 MW**

# Efnisyfirlit


Helstu upplýsingar, framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar ........................................... 4

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........................................................................................ 5

Rekstrarreikningur ........................................................................................................................ 6

Yfirlit um heildarafkomu ................................................................................................................ 7

Efnahagsreikningur ........................................................................................................................ 8

Eiginfjáryfirlit ................................................................................................................................ 9

Sjóðstreymisyfirlit ........................................................................................................................ 10

Skýringar ...................................................................................................................................... 11

# Helstu upplýsingar

## Framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar

**Fjárhæðir í þúsundum USD***

| | 2023<br>1.1.-31.3. | 2022<br>1.1.-31.3. | 2021<br>1.1.-31.3. | 2020<br>1.1.-31.3. | 2019<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 162.032 | 174.884 | 117.907 | 107.954 | 114.107 |
| Innleystar áhættuvarnir | 13.391 | ( 27.836) | ( 5.118) | 1.276 | 1.769 |
| **Rekstrartekjur samtals** | 175.423 | 147.048 | 112.789 | 109.230 | 115.876 |
| Rekstrar- og viðhaldskostnaður | ( 37.452) | ( 40.562) | ( 37.399) | ( 33.677) | ( 36.856) |
| **Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA )** | 137.971 | 106.486 | 75.390 | 75.553 | 79.020 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 26.579) | ( 26.470) | ( 26.558) | ( 24.479) | ( 26.154) |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | 111.392 | 80.016 | 48.832 | 51.074 | 52.866 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 2.944) | ( 7.960) | ( 10.002) | ( 12.981) | ( 14.137) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | 227 | 5.230 | 6.009 | 7.119 | 7.340 |
| **Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði** | 108.675 | 77.286 | 44.839 | 45.212 | 46.069 |
| **Óinnleystir fjármagnsliðir:** | | | | | |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | 14.953 | 162.243 | 3.124 | ( 23.792) | 6.842 |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiða | 34.723 | ( 62.119) | ( 12.087) | 5.902 | ( 5.002) |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | ( 9.253) | 788 | 4.909 | 14.124 | 6.937 |
| | 40.423 | 100.912 | ( 4.054) | ( 3.766) | 8.777 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 149.098 | 178.198 | 40.785 | 41.446 | 54.846 |
| Tekjuskattur | ( 57.510) | ( 65.670) | ( 13.172) | ( 12.238) | ( 17.690) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 91.588 | 112.528 | 27.613 | 29.208 | 37.156 |
| **Efnahagur** | **31.3.2023** | **31.3.2022** | **31.3.2021** | **31.3.2020** | **31.3.2019** |
| Eignir samtals | 3.815.436 | 3.916.953 | 3.751.050 | 3.721.584 | 3.919.024 |
| Eigið fé samtals | 2.388.164 | 2.326.721 | 2.129.900 | 2.134.578 | 2.079.919 |
| Skuldir samtals | 1.427.272 | 1.590.232 | 1.621.150 | 1.587.006 | 1.839.105 |
| Nettó skuldir ** | 711.336 | 974.454 | 1.227.793 | 1.311.005 | 1.552.678 |
| **Sjóðstreymi** | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** |
| Veltufé frá rekstri (FFO) | 132.218 | 97.241 | 64.489 | 63.698 | 65.229 |
| Handbært fé frá rekstri | 144.419 | 101.050 | 64.725 | 59.367 | 61.838 |
| Fjárfestingar | ( 6.579) | 11.143 | 1.998 | 68.682 | ( 5.297) |
| Fjármögnun | ( 177.454) | ( 76.837) | ( 12.439) | ( 159.304) | ( 51.033) |
| **Lausafé** | **31.3.2023** | **31.3.2022** | **31.3.2021** | **31.3.2020** | **31.3.2019** |
| Handbært fé | 113.578 | 102.168 | 113.673 | 37.817 | 73.357 |
| Óádregin lán | 150.000 | 150.000 | 150.000 | 150.000 | 297.903 |
| Lausafé alls | 263.578 | 252.168 | 263.673 | 187.817 | 371.260 |
| **Kennitölur** | | | | | |
| Arðsemi eiginfjár *** | 6,0% | 10,4% | 3,1% | 4,5% | 7,0% |
| Eiginfjárhlutfall | 62,6% | 59,4% | 56,8% | 57,4% | 53,1% |
| Vaxtaþekja (EBITDA/ nettó vaxtagjöld) *** | 18,00x | 8,92x | 5,89x | 5,65x | 4,46x |
| Veltufé frá rekstri / nettó skuldir ** | 64,3% | 32,9% | 16,2% | 18,4% | 15,1% |
| Veltufé frá rekstri / vaxtagjöld *** | 12,70x | 7,70x | 4,68x | 4,28x | 3,31x |
| Nettó skuldir / EBITDA *** | 1,46x | 2,68x | 4,96x | 4,47x | 5,30x |
| **Lánshæfiseinkunn án ríkisábyrgðar í lok mars** | | | | | |
| Standard & Poor's | BBB+ | BBB+ | BBB | BBB | BBB |
| Moody's | Baa1 | Baa1 | Baa1 | Baa1 | Baa2 |

* Fjárhæðir tímabilsins og samanburðarfjárhæðir eru fjárhæðir vegna móðurfélags, sjá skýringu nr. 4
** Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé
*** Kennitölur miðast við síðustu 12 mánuði

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Árshlutareikningur fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34* um árshlutareikninga og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og hefur að geyma árshlutareikning félagsins þar sem færð er hlutdeild í afkomu dótturfélaganna Icelandic Power Insurance Ltd. og Landsvirkjunar Power ehf. og hlutdeildarfélaga. Ekki er gerður samstæðuárshlutareikningur, sjá nánar skýringu nr. 4. Árshlutareikningur þessi hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum fyrirtækisins.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu janúar til mars 2023 91,6 milljónum USD, en hagnaður félagsins á sama tímabili árið 2022 var 112,5 milljónir USD. Lækkun á milli tímabila nemur 20,9 milljónum USD. Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga voru jákvæðar um 49,7 milljónir USD á tímabilinu janúar til mars 2023 en voru jákvæðar um 100,1 milljón USD á sama tímabili árið áður. Tekjur félagsins námu 175,4 milljónum USD á tímabilinu en voru 147,0 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Handbært fé frá rekstri var 144,4 milljónir USD á tímabilinu en var 101,1 milljón USD á sama tímabili árið áður. Í lok mars 2023 nam handbært fé samtals 113,6 milljónum USD og óádregin lán 150,0 milljónum USD eða alls 263,6 milljónir USD. Eigið fé í lok mars var 2.388,2 milljónir USD samkvæmt efnahagsreikningi en 2.296,7 milljónir USD í árslok 2022. Á aðalfundi 26. apríl sl. var samþykkt að eigendum Landsvirkjunar yrði greiddur arður að fjárhæð 140,0 milljónir USD vegna ársins 2022.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, *IAS 34* , eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. mars 2023, rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar til mars 2023.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið janúar til mars 2023 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri félagsins, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir árshlutareikning fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. maí 2023.

Í stjórn félagsins:
Jónas Þór Guðmundsson
Jón Björn Hákonarson
Álfheiður Ingadóttir
Gunnar Tryggvason
Soffía Björk Guðmundsdóttir

Forstjóri:
Hörður Arnarson

# Rekstrarreikningur

| | Skýr. | 2023<br>1.1.-31.3. | 2022<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Raforkusala | 7 | 151.790 | 170.403 |
| Innleystar áhættuvarnir | | 13.391 | ( 27.836) |
| Aðrar tekjur | | 10.242 | 4.481 |
| | | 175.423 | 147.048 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Orkuvinnsla | | 48.700 | 51.478 |
| Almennar rannsóknir | | 4.684 | 4.537 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 10.647 | 11.017 |
| | | 64.031 | 67.032 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 111.392 | 80.016 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 5.327 | 251 |
| Vaxtagjöld | | ( 8.907) | ( 8.589) |
| Gjaldeyrismunur | | ( 8.617) | 1.166 |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | | 14.953 | 162.243 |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiðusamninga | | 34.723 | ( 62.119) |
| | 8 | 37.479 | 92.952 |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | | 227 | 5.230 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 149.098 | 178.198 |
| Tekjuskattur | | ( 57.510) | ( 65.670) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 91.588 | 112.528 |

Fjárhæðir tímabilsins og samanburðarfjárhæðir eru fjárhæðir vegna móðurfélags, sjá skýringu nr. 4

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Yfirlit um heildarafkomu

| | 2023<br>1.1.-31.3. | 2022<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** | 91.588 | 112.528 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning:** | | |
| Lífeyrisskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, breyting | ( 443) | ( 441) |
| Niðurrifsskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, breyting | 0 | 1.245 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:** | | |
| Þýðingarmunur vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga | 343 | 184 |
| Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals | ( 100) | 988 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | 91.488 | 113.516 |

Fjárhæðir tímabilsins og samanburðarfjárhæðir eru fjárhæðir vegna móðurfélags, sjá skýringu nr. 4

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 2.964.366 | 2.984.071 |
| Undirbúningskostnaður | | 100.062 | 100.011 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 48.682 | 48.513 |
| Afleiðusamningar | 9 | 109.864 | 98.964 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | | 7.175 | 6.579 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 4.680 | 4.707 |
| Lán til tengdra aðila | | 271.084 | 268.840 |
| Aðrar langtímaeignir | | 657 | 631 |
| Fastafjármunir samtals | | 3.506.570 | 3.512.316 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 75.874 | 115.896 |
| Kröfur á tengda aðila | | 43.389 | 39.935 |
| Afleiðusamningar | 9 | 76.025 | 53.856 |
| Handbært fé | | 113.578 | 150.945 |
| Veltufjármunir samtals | | 308.866 | 360.632 |
| **Eignir samtals** | | 3.815.436 | 3.872.948 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigendaframlög | | 586.512 | 586.512 |
| Bundin hlutdeild | | 1.701 | 197 |
| Þýðingarmunur | | ( 16.364) | ( 16.707) |
| Annað eigið fé | | 1.816.315 | 1.726.674 |
| Eigið fé samtals | | 2.388.164 | 2.296.676 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 10 | 767.295 | 776.406 |
| Lífeyrisskuldbindingar | | 38.181 | 36.427 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 252.939 | 232.912 |
| Leiguskuldbinding | | 4.729 | 4.472 |
| Afleiðusamningar | 9 | 4.288 | 5.535 |
| | | 1.067.432 | 1.055.752 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 253.455 | 74.798 |
| Vaxtaberandi skuldir | 10 | 57.619 | 222.619 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 37.216 | 195.059 |
| Afleiðusamningar | 9 | 11.550 | 28.044 |
| | | 359.840 | 520.520 |
| Skuldir samtals | | 1.427.272 | 1.576.272 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 3.815.436 | 3.872.948 |

Fjárhæðir í lok tímabilsins og samanburðartímabils eru vegna móðurfélags, sjá skýringu nr. 4

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Eiginfjáryfirlit

| | Eigenda-framlög | Endurmats-reikningur | Bundin hlutdeild | Þýðingar-munur | Annað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 31. mars 2022** | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2022 | 586.512 | 169.952 | 71.143 | ( 57.648) | 1.443.246 | 2.213.205 |
| Þýðingamunur | | | | 184 | | 184 |
| Niðurrifsskuldbinding, breyting | | 1.245 | | | 1.245 | 1.245 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | | | | | ( 441) | ( 441) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 112.528 | 112.528 |
| Heildarhagnaður | | 1.245 | 0 | 184 | 112.087 | 113.516 |
| Hlutdeild í hagn. dóttur- og hlutd.fél. millif.. | | | ( 8.243) | | 8.243 | 0 |
| Upplausn endurmats færð á annað eigið fé. | | ( 1.632) | | | 1.632 | 0 |
| Eigið fé 31. mars 2022 | 586.512 | 169.565 | 62.900 | ( 57.464) | 1.565.208 | 2.326.721 |
| **1. janúar til 31. mars 2023** | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2023 | 586.512 | 0 | 197 | ( 16.707) | 1.726.674 | 2.296.676 |
| Þýðingamunur | | | | 343 | | 343 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | | | | | ( 443) | ( 443) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 91.588 | 91.588 |
| Heildarhagnaður | | 0 | 0 | 343 | 91.145 | 91.488 |
| Hlutdeild í hagn. dóttur- og hlutd.fél. millif.. | | | 1.504 | | ( 1.504) | 0 |
| Eigið fé 31. mars 2023 | 586.512 | 0 | 1.701 | ( 16.364) | 1.816.315 | 2.388.164 |

Fjárhæðir tímabilsins og samanburðarfjárhæðir eru fjárhæðir vegna móðurfélags, sjá skýringu nr. 4

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit

| | 2023<br>1.1.-31.3. | 2022<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Rekstrarhagnaður | 111.392 | 80.016 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 26.579 | 26.470 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | ( 476) | ( 528) |
| Aðrar breytingar | ( 26) | 0 |
| Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða | 137.469 | 105.958 |
| Rekstrartengdar eignir, breyting | 39.966 | 3.043 |
| Rekstrartengdar skuldir, breyting | ( 17.071) | 7.730 |
| Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða | 160.364 | 116.731 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 1.918 | 188 |
| Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur | ( 12.409) | ( 12.723) |
| Greiddir skattar | ( 5.454) | ( 3.146) |
| Handbært fé frá rekstri | 144.419 | 101.050 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Aflstöðvar í rekstri | ( 3.926) | ( 3.703) |
| Virkjunarundirbúningur | ( 1.402) | ( 436) |
| Keypt hlutabréf | 0 | ( 38) |
| Innborgaður arður | 0 | 15.584 |
| Aðrar fjárfestingar | ( 1.365) | ( 264) |
| Seldar eignir | 114 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 6.579) | 11.143 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Lækkun hlutafjár hjá dótturfélagi | 0 | 605 |
| Afborganir lána til langs tíma | ( 177.454) | ( 77.442) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 177.454) | ( 76.837) |
| **Breyting á handbæru fé** | ( 39.614) | 35.356 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | 2.247 | 914 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 150.945 | 65.898 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 113.578 | 102.168 |

Fjárhæðir tímabilsins og samanburðarfjárhæðir eru fjárhæðir vegna móðurfélags, sjá skýringu nr. 4

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

## 1. Landsvirkjun

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Megintilgangur fyrirtækisins er að stunda starfsemi á orkusviði. Árshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2022.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2022 fyrir utan það að félagið hefur innleitt nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í upphafi tímabils 1. janúar 2023, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana sem ekki hafa tekið gildi muni ekki hafa veruleg áhrif á árshlutareikninginn. Hægt er að nálgast ársreikninginn fyrir árið 2022 á vef Landsvirkjunar www.landsvirkjun.is og á vef NASDAQ OMX Iceland; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadölum, sem er starfrækslumynt félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram.

## 4. Framsetning reikningsskila

Í árslok 2022 seldi Landsvirkjun eignarhlut sinn í dótturfélaginu Landsnet hf. til íslenska ríkisins. Með sölunni fækkaði dótturfélögum Landsvirkjunar um tvö, þar sem Orkufjarskipti hf. var í sameiginlegri eigu Landsnets hf. og Landsvirkjunar. Eftir viðskiptin á Landsvirkjun tvö dótturfélög, Icelandic Power Insurance Ltd. og Landsvirkjun Power ehf.

Landsvirkjun gerir ekki samstæðuárshlutareikning með dótturfélögum sínum Icelandic Power Insurance Ltd. og Landsvirkjun Power ehf. þar sem áhrif þess eru talin vera óveruleg. Þess í stað eru reikningsskilin gerð í samræmi við kröfur IAS 27 Aðgreind reikningsskil. Afkoma dótturfélaganna er sýnd í einni tölu í rekstrarreikningi í línunni Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga, og eignir og skuldir dótturfélaga eru ekki sýndar línu fyrir línu í efnahagsreikningi en koma þess í stað fram undir liðnum Eignarhlutir í dótturfélögum. Sjóðstreymisyfirlit sýnir aðeins sjóðstreymi vegna móðurfélags.

## 4. Framsetning reikningsskila, frh.:

Rekstrartekjur samstæðu Landsvirkjunar af áframhaldandi starfsemi árið 2022 voru USD 608,6 milljónir samanborið við USD 608,3 milljóna rekstrartekjur móðurfélagsins og rekstrargjöld og fjármagnsliðir USD 384,7 milljónir samanborið við USD 384,8 milljónir hjá móðurfélagi. Fjárfesting í dótturfélögum er færð samkvæmt hlutdeildaraðferð og afkoma þeirra meðtalin í línunni Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga. Því er afkoma árshlutareiknings móðurfélags sú sama og hjá samstæðu. Heildareignir móðurfélags Landsvirkjunar í árslok 2022 námu nánast 100% af samanlögðum eignum samstæðu, og heildarskuldir móðurfélagsins voru á sama tíma nánast 100% af heildarskuldum samstæðu. Eignarhlutur Landsvirkjunar í dótturfélögum er sýndur í línunni Eignarhlutir í dótturfélögum á meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi.

Að teknu tilliti til ofangreinds telja stjórnendur Landsvirkjunar að áhrif þess að sýna samstæðuárshlutareikning til viðbótar því að sýna árshlutareikning fyrir móðurfélag séu óveruleg fyrir upplýstan lesanda, en samkvæmt IAS 8 Reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur þarf ekki að beita kröfum IFRS staðla séu áhrif þess metin óveruleg og hafi ekki áhrif á ákvarðanir upplýsts lesanda reikningsskilanna.

## 5. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 6. Starfsþáttayfirlit

Öll starfsemi félagsins fellur undir einn starfsþátt, en tilgangur Landsvirkjunar samkvæmt lögum er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Orkuvinnsla Landsvirkjunar byggist á vatnsafli, jarðhita og vindi. Landsvirkjun selur alla raforku sína á Íslandi, annars vegar í heildsölu til raforkusmásala og hins vegar beint til stórnotenda.

## 7. Rekstrartekjur

| Raforkusala greinist þannig: | **2023**<br>1.1.-31.3. | **2022**<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Heildsala | 34.605 | 31.628 |
| Iðnaður | 117.185 | 138.775 |
| Raforkusala samtals | 151.790 | 170.403 |

## 8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 5.327 | 251 |
| Vaxtagjöld | ( 8.768) | ( 8.408) |
| Ábyrgðargjald | ( 139) | ( 181) |
| Vaxtagjöld samtals | ( 8.907) | ( 8.589) |
| Innleystur gjaldeyrismunur | 636 | 378 |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | ( 9.253) | 788 |
| Gjaldeyrismunur samtals | ( 8.617) | 1.166 |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | 14.953 | 162.243 |
| Gangvirðisbreyting annarra afleiðusamninga | 34.723 | ( 62.119) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 37.479 | 92.952 |

## 9. Afleiðusamningar í efnahagsreikningi

Afleiðusamningar í efnahagsreikningi sundurliðast þannig:

| | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum | 113.705 | 98.752 |
| Hrávöruvarnir | 68.683 | 50.583 |
| Gjaldmiðlasamningar | 3.501 | 3.485 |
| | 185.889 | 152.820 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 109.864 | 98.964 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 76.025 | 53.856 |
| | 185.889 | 152.820 |
| **Skuldir:** | | |
| Hrávöruvarnir | 15.837 | 33.579 |
| | 15.837 | 33.579 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 4.288 | 5.535 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 11.550 | 28.044 |
| | 15.837 | 33.579 |

## 10. Skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | | 31.3.2023 | | 31.12.2022 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Loka-gjalddagi** | **Meðal-vextir** | **Eftir-stöðvar** | **Meðal-vextir** | **Eftir-stöðvar** |
| Skuldir í EUR | 2026 | 2,5% | 163.073 | 1,6% | 159.938 |
| Skuldir í USD | 2023-2035 | 3,7% | 661.841 | 3,6% | 839.087 |
| | | | 824.914 | | 999.025 |
| Afborganir næsta árs | | | ( 57.619) | | ( 222.619) |
| Skuldir til langs tíma samtals | | | 767.295 | | 776.406 |

Vaxtakjör af lánum voru á bilinu 2,5-6,8%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 3,9%, að teknu tilliti til ríkisábyrgðargjalds (2022: 3,3%).

## 10. Skuldir, frh.:

Samkvæmt lánasamningum eru afborganir langtímaskulda eftirfarandi:

| | 31.3.2023 |
|---|---|
| 1.4.2023-31.3.2024 | 57.619 |
| 1.4.2024-31.12.2024 | 15.225 |
| 2025 | 182.631 |
| 2026 | 190.742 |
| 2027 | 27.619 |
| 2028 | 131.764 |
| Síðar | 219.314 |
| | 824.914 |

## 11. Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði langtímaskulda

| | 31.3.2023 | | 31.12.2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Bókfært verð | Gangvirði | Bókfært verð | Gangvirði |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 824.914 | 832.418 | 999.025 | 1.004.138 |

Gangvirði annarra fjáreigna og fjárskulda er metið jafnt bókfærðu verði þeirra.

Við útreikning á gangvirði vaxtaberandi langtímaskulda er notað vaxtaróf undirliggjandi mynta við núvirðingu á væntu sjóðstreymi.

| Vextir greinast þannig: | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi skuldir USD | 3,4 til 5,2% | 3,8 til 5,1% |
| Vaxtaberandi skuldir aðrar en USD | 2,7 til 3,5% | 1,5 til 3,5% |

## 12. Flokkun gangvirðis

Taflan sýnir stigskiptingu þeirra liða árshlutareiknings sem færðir eru á gangvirði.

| | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
|---|---|---|---|
| **31.3.2023** | | | |
| Innbyggðar afleiður | | 113.705 | 113.705 |
| Aðrar afleiður | 56.347 | | 56.347 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 657 | 657 |
| | 56.347 | 114.362 | 170.709 |

## 12. Flokkun gangvirðis, frh.:

| 31.12.2022 | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
| --- | --- | --- | --- |
| Innbyggðar afleiður | | 98.752 | 98.752 |
| Aðrar afleiður | 20.489 | | 20.489 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 631 | 631 |
| | 20.489 | 99.383 | 119.872 |

## 13. Önnur mál

Á aðalfundi hinn 26. apríl sl. var samþykkt að eigendum Landsvirkjunar yrði greiddur arður að fjárhæð 140,0 milljónir USD vegna ársins 2022.

AIB (Association of issuing bodies) sem eru samtök útgefenda upprunaábyrgða í Evrópu sendi út fréttatilkynningu þann 27. apríl um að samtökin hafi ákveðið að stöðva viðskipti með upprunaábyrgðir frá Íslandi. Samkvæmt ákvörðun telur AIB að ekki hafi verið farið eftir EECS reglum við meðhöndlun upprunábyrgða og vísa til þess að tilteknir stórnotendur lýsi því yfir að framleiðsla þeirra nýti endurnýjanlega orku, en á sama tíma séu upprunaábyrgðir seldar úr landi. Af hálfu AIB er gerð krafa um úrbætur á hendur tengilið AIB á Íslandi sem er Landsnet hf. Landsvirkjun hefur mótmælt ákvörðun AIB og telur hana haldna bæði form- og efnisannmörkum, ekki eiga sér stoð í EECS reglum og fari jafnframt í bága við Evrópulöggjöf.